

Þjálfarar

1. BFSÍ skal gefa út réttindi til bogfimiþjálfara.

- 1.1. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsíðoma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan vébanda Bogfimisambands Íslands (BFSÍ). Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfbóðaliðar og launþegar. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðom fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.
- 1.2. BFSÍ gefur út réttindi til bogfimiþjálfara í samræmi við reglur og viðmið alþjóða bogfimisambandsins World Archery (WA)
 - 1.2.1. Kröfur sem þarf að uppfylla til þess að sitja þjálfaranámskeið á vegum BFSÍ eru skilgreind af framkvæmdastjóra BFSÍ á vefsíðu sambandsins í samræmi við viðmið WA.
- 1.3. Enginn er undanþeginn því að standast þjálfaramat/próf fyrir hvert þjálfara stig. Slíkt er gert til að tryggja að þjálfarar af ákveðnu stigi geti sinnt ákveðnum verkefnum og hafi þá þekkingu sem þarf til að þjálfa bogfimi. Þjálfarapróf/mat er almennt gert samhliða þjálfaranámskeiðum.
- 1.4. Allir bogfimiþjálfarar skulu hafa setið þjálfaranámskeið á vegum BFSÍ/WA.
 - 1.4.1. Mögulegt er að fá þjálfaramenntun sem haldin er af WA í öðrum löndum metna upp á sama stig hjá BFSÍ.
 - 1.4.2. Sum lönd eru með sitt eigið menntakerfi fyrir bogfimiþjálfara, sem í sumum tilvikum er ekki sambærilegt við það sem BFSÍ/WA gerir kröfu um. Ef einstaklingar óska eftir að slíkt sé metið til bogfimiþjálfara réttinda innan BFSÍ er það metið í hverju tilfelli af framkvæmdastjóra BFSÍ í samráði við WA hvort að slíkt sé við hæfi eða ekki.

2. Bogfimiþjálfara stig innan BFSÍ eru í samræmi við þjálfarastig WA:

- 2.1. BFSÍ/WA þjálfari stig 1 – Þjálfari sem getur sinnt þjálfun byrjenda og lengra kominna
- 2.2. BFSÍ/WA þjálfari stig 2 – Þjálfari sem getur sinnt til viðbótar við stig 1 þjálfun landsliða
- 2.3. BFSÍ/WA þjálfari stig 3 – Þjálfari sem getur sinnt til viðbótar við stig 2 þjálfun afreksfólks á hæsta stigi og íþróttastjórnun.

3. Skilgreiningar

- 3.1. BFSÍ/WA þjálfari (bogfimiþjálfari) skal hafa:
 - 3.1.1. Setið öll námskeið eða endurmenntun fyrir viðeigandi þjálfara stig hjá BFSÍ.
 - 3.1.2. Hafa staðist viðeigandi próf/mat til þess að ná viðeigandi þjálfara stigi.
 - 3.1.3. Hafa gengist undir að fylgja hegðunarviðmiðum ÍSÍ fyrir þjálfara.
 - 3.1.4. Vera virkur í starfi aðildarfélags síns.
- 3.2. Leiðbeinandi
 - 3.2.1. Leiðbeinandi er einstaklingur sem hefur lokið þjálfaramenntun að hluta, t.d.
 - 3.2.1.1. Hefur setið þjálfaranámskeið en ekki fengið mat
 - 3.2.1.2. Hefur einungis lokið ÍSÍ þjálfarastigum en er virkur í að aðstoða á æfingum aðildarfélags undir handleiðslu bogfimiþjálfara.
 - 3.2.1.3. Hefur lokið bóklega hluta BFSÍ/WA þjálfara stigs 1.

4. Viðhald réttinda

- 4.1. Þjálfarar eru aldrei full menntaðir og hvattir til þess að auka þekkingu sína sífellt.
- 4.2. Endurmenntunar er þörf á a.m.k. fjögurra ára fresti til þess að halda réttindum.
- 4.3. BFSÍ skal halda lista af virkum bogfimiþjálfurum aðildarfélaga með BFSÍ/WA þjálfararéttindi á vefsíðu sambandsins.
 - 4.3.1. Aðildarfélög BFSÍ senda árlega inn lista af þeim þjálfurum sem eru virkir í starfi aðildarfélagsins. BFSÍ notar það til mats á því hvort að viðkomandi þjálfari sé virkur í starfi.
 - 4.3.2. Þjálfarar sem eru ekki virkir eru fjarlægðir af vefsíðu sambandsins.

- 4.3.3. Ef bogfimiþjálfari hefur ekki verið virkur um langt skeið og hefur tapað réttindum sínum getur BFSÍ krafist þess að hann endurtaki þjálfaranámskeið, próf/mat, og/eða sitji annað námskeið til endurmenntunar, til þess að endurvekja réttindi. Þetta á einnig við um þjálfara sem hafa misst réttindi sín af öðrum orsökum.